



Fagdeild krabbameinshjúkrunarfræðinga

Fréttabréf

2017-2018



Kæru fagdeildarmeðlimir!

Krabbameinshjúkrun í einhverri mynd er stór hluti af starfi fjölmargra hjúkrunarfræðinga, en um þriðjungur Íslendinga fær krabbamein einhvern tímann á lífsleiðinni. Áhugi fyrir þessu sérsviði innan hjúkrunar virðist vera að aukast, en meðlimir fagdeildarinnar hafa aldrei verið fleiri, eða um 140 í árslok 2017.

Diplómanám í Krabbameinshjúkrun hófst við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands haustið 2017, en námið hafði ekki verið í boði í rúman áratug. Yfir 20 hjúkrunarfræðingar hófu nám og mun námið eflaust gera þá betur í stakk búna til að veita krabbameinssjúklingum á Íslandi enn betri þjónustu og færa þeim þannig bætt lífsgæði.

Málþingið 2017

Árlegt málþing fagdeildarinnar var haldið 9. nóvember í húsakynnum Vistor í Garðabæ með góðum stuðningi lyfjafyrirtækja innan Vistor. Málþingið var mjög vel sótt að vanda en yfirskrift þess var: „Hvað er að fréttu í krabbameinshjúkrun?“, þar sem áhersla var lögð á efni sem tengjast klínískri vinnu á deildum. Fimm erindi voru á dagskrá; Agnes Smáradóttir krabbameinslæknir fjallaði um nýjungar í meðferð krabbamein, Halla Grétarsdóttir og Þóra Þórsdóttir sögðu frá nýju einkennamati: MESÚ, Svandís Íris Hálfánardóttir fjallaði um stuðning við fjölskyldur og Brynja Ingadóttir um valdeflingu sjúklinga. Að lokum sagði Sólmundur Hólm frá eigin reynslu við greiningu og meðferð krabbameins og var erindið í senn fræðandi og skemmtilegt.

Fundarstjóri var Halla Þorvaldsdóttir framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Íslands. Í undirbúningsnefnd málþingsins voru Garðar Örn Þórsson, Heiða Rós Árnadóttir, Jóhanna Elísdóttir, Ásdís Lilja Emilsdóttir, Harpa Sóley Snorradóttir og Kristín Sigurðardóttir.









Fagdeildin færir öllum sem lögðu hönd á plóg við undibúning og framkvæmd málþingsins bestu þakkir, einnig öllum þeim sem tóku þátt í þinginu.

Erindin (pdf) eru aðgengileg á heimasvæði fagdeildarinnar:

<https://www.hjukrun.is/fagid/fagdeildir/krabbameinshjukrun/#malthing>

Erlent samstarf

Fagdeildin á aðild að Evrópusamtökum krabbameinshjúkrunarfræðinga (EONS) og Alþjóðasamtökum krabbameinshjúkrunarfræðinga (ISCNN). Styrkir og námsmöguleikar, bæði í formi vinnusmiðja og sem náms á netinu, standa fagdeildarmeðlimum til boða. Einnig fá þeir afslátt af ráðstefnugjaldi. Meðlimir fagdeildarinnar fá einnig sent fréttabréf EONS í tölvupósti mánaðarlega.

Árlegt ráðgjafafélag EONS var haldið í nóvember í Ede í Hollandi, í framhaldi af þinginu var Cancer Nursing Leadership Summit ráðstefna og tók Halla Grétarsdóttir þátt í því fyrir hönd fagdeildarinnar. Á ráðgjafafélaginu var m.a. sagt frá starfi vinnuhópa EONS, sem eru fjórir:

- 1) **C** (communication) sem hefur unnið að uppfærslu á heimasíðu EONS (www.cancernurse.eu) og aukinni virkni á facebook og Twitter.
- 2) **A** (advocacy) sem vinnur m.a. að undirbúningi dags krabbameinshjúkrunarfræðinga í Evrópu sem haldin var 18. maí í fyrsta skipti. Þetta er hluti að verkefni sem nefnt hefur verið RECAN (To Recognise European Cancer Nursing) og er ætlað að verkja athygli á störfum krabbameinshjúkrunarfræðinga.



- 3) **R** (research) sem heldur reglulega vinnusmiðjur (Research proposal workshop) fyrir meistara- og doktorsnema.
- 4) **E** (education) sem heldur utan um námskeið og námsefni sem í boði eru á vegum EONS. Eitt af þeim er Masterclass 5 daga námskeið sem hjúkrunarfræðingarnir Ágústa Andersen og Ragnheiður Þorkelsdóttir voru þátttakendur á í Berlín í Þýskalandi 2017.

Fagdeildarmeðlimir eru hvattir til að kynna sér hið mikla starf sem fram fer á vegum þessara samtaka á vefsíðum þeirra: www.cancernurse.eu og www.isncc.org

Krabbameinsáætlun – Biðin langa!

Það hefur löngum verið ljóst að gríðarlega mikilvægt er að á Íslandi sé til heildstæð krabbameinsáætlun. Margar þjóðir, þar á meðal hinar Norðurlandþjóðirnar hafa sett fram krabbameinsáætlanir sem eru fjármagnaðar og unnið er eftir.

Árið 2013 skipaði þáverandi velferðarráðherra, ráðgjafahóp til þess að vinna að íslenskri áætlun. Hópurinn skilaði skýrslu og áætlun um mitt ár 2014 og þá var boðað að í árslok myndi áætlunin verða lögð fram. Ekkert gerðist í því og í upphafi árs 2017 var stjórnsýslan gagnrýnd fyrir seinagang þar sem skýrslan hafði ekki enn litið dagsins ljós. Þáverandi heilbrigðisráðherra Óttarr Proppé, ákvað að bregðast við þessu og í júlí 2017 birtist á vef Stjórnarráðsins skýrsla ráðgjafarhóps með tillögu til heilbrigðisráðherra um íslenska krabbameinsáætlun til ársins 2020. Tvö skjöl voru gefin út:

- Tillaga að íslenskri krabbameinsáætlun til ársins 2020 – Notendamiðuð þjónusta í öndvegi
- Samantekt markmiða og aðgerða úr tillögu að íslenskri krabbameinsáætlun

Þar er fjallað um faraldsfræði krabbameina og skráningu, forvarnir og heilsugæslu, rannsóknir og gæðastjórnun, meðferðarþætti og mannafla, endurhæfingu, eftirfylgni og líknarmedferð.

Árið 2002 gaf Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) út leiðbeiningar um gerð krabbameinsáætlana. Þar segir m.a. um tilgang þeirra að þær séu lýðheilsuáætlun þjóðar eða ríkis sem skuli miða að því að fækka nýgreiningum og draga úr dánartíðni vegna krabbameina. Einnig sé markmið þeirra að bæta lífsgæði einstaklinga með krabbamein með kerfisbundinni innleiðingu gagnreindra aðgerða á vettvangi forvarna, snemmgreiningar, meðferðar og líknar. Í krabbameinsáætlun skuli jafnræði þegnanna og hagkvæmni höfð að leiðarljósi.

Samkvæmt upplýsingum frá Krabbameinsskránni þá greinist þriðjungur Íslendinga með krabbamein einhvern tíma á lífsleiðinni. Einnig sýnir nýleg könnun sem Krabbameinsfélag Íslands lét gera að um 80% landsmanna eigi nákominn ættingja eða vin sem greinst hefur með krabbamein. Það segir okkur hvað þessi sjúkdómur snertir marga og sýnir hversu mikilvægt það er að á Íslandi sé til heildstæð krabbameinsáætlun. Haustið 2017 ákvað Óttarr að óska eftir tilnefningum í verkefnisstjórn með aðkomu Embættis landlæknis, Krabbameinsfélags Íslands og Landspítalans, auk velferðar- ráðuneytisins, sem falið yrði að móta framkvæmd og eftirfylgni þeirra tillagna sem fram koma í skýrslu ráðgjafarhópsins og leggja til forgangsöröðun verkefna á grundvelli fjárheimilda. Sú verkefnisstjórn hefur ekki hafíð störf og síðan er kominn nýr heilbrigðisráðherra. Það er ljóst að víðtæk sátt ríkir meðal þjóðarinnar og stjórnvalda að bæta aðstæður í heilbrigðismálum, en enn á ný erum við að bíða.

Styrkir úr styrktarsjóði Fagdeildar árið 2017

Styrktarsjóðurinn er sér reikningur með höfuðstól og miðast styrkveitingar úr sjóðnum við að hann haldist óskertur. Árið 2014 var ákveðið að veita árlega styrki fyrir allt að 500.000 kr en hver styrkur er að hámarki 100.000 kr. Fagdeildin styrkir meðlimi til að efla sig í starfi og auðga hjúkrun krabbameinssjúklinga. Styrkir eru veittir árlega til verkefna sem tengjast hjúkrun sjúklinga með krabbamein og til símenntunar á sviði krabbameinshjúkrunar.

Fagdeildarmeðlimir eru hvattir til að senda inn umsóknir til styrktarsjóðsins fyrir 1. apríl ár hvert. Umsóknareyðublað og starfsreglur styrktarsjóðsins er að finna á heimasíðu fagdeildarinnar á vef Fíh. <http://hjukrun.is/fagdeildir/krabbameinshjukrun/styrktarsjodur/>

Stjórn sjóðsins er skipuð þremur fagdeildarmeðlimum og er einn þeirra úr stjórn fagdeildarinnar.

Árið 2017 voru öllum umsækjendur veittur styrkur. Þeir sem fengu styrki í ár voru Anna Karen Þórisdóttir, Jóhanna Kristófersdóttir, Brynja Helgadóttir og Sólveig Kristbjörg Vagnsdóttir hjúkrunarfræðinga á 11E til að sækja ráðstefnu á vegum EONS og IPOS (International Psycho Oncology Society) í Dublin, Írlandi. Rannveig Björk Gylfadóttir hjúkrunarfræðingur á 11G fékk styrk til að sækja ráðstefnu fagaðila í dáleiðsumeðferð sem haldin var í Manchester. Ásta B. Pétursdóttir fékk styrk til að sækja tvær ráðstefnur en þar kynnti hún niðurstöður úr doktorsrannsókn sinni. Þær ráðstefnur sem Ásta sótti voru ráðstefna á vegum Evrópsku líknarmeðferðarsamtakanna í Madrid þar sem hún var með erindi. Seinni ráðstefnan var alþjóðleg fjölskylduhjúkrunarráðstefna í Pamplona þar sem hún var með veggspjald. Brynja Hauksdóttir og Harpa Sóley Snorradóttir hjúkrunarfræðingar fengu styrk til að sækja ráðstefnu á vegum Evrópsku samtakanna um stofnfrumu og beinmergsígræðslur (EMBT). Þar voru þær með veggspjald. Sjá samantekt þeirra.

EBMT 26. - 29. mars 2017 í Marseille

Undirritaðar fengu styrk frá Fagdeild krabbameinshjúkrunarfræðinga til að sækja ráðstefnu Evrópsku samtakanna um stofnfrumu og beinmergsígræðslur (EMBT). Ráðstefnan, sem er árlega, var haldin að þessu sinni í Frakklandi. EBMT er þverfagleg ráðstefna þar sem fagstéttir eins og hjúkrunarfræðingar, læknar, lyfjafræðingar, gæðastjórnendur, sálfræðingar ásamt fleirum sameinast. Megin tilgangur ráðstefnunnar er að deila nýjungum og þekkingu um alla þætti stofnfrumumeðferða, þar með talið meðferðir, einkennamat, gæðamál o.fl.

Ástæða þess að við sóttum ráðstefnuna er sú að við erum hluti af stofnfrumuteymi Landspítalans. EBMT er ein stærsta ráðstefnan á sviði stofnfrumumeðferðar með öflugri hjúkrunardagskrá. Það er því mjög mikilvægt fyrir okkur að sækja slíka ráðstefnu til að efla okkur í starfi, fylgjast með nýjungum og mynda tengsl við hjúkrunarfræðinga frá öðrum löndum.

Stofnfrumumeðferð á dag- og legudeild blóðlækninga er að vinna að því að fá gæðavottun Evrópsku stofnfrumsamtakanna (JACIE). Það er því mikilvægt að geta sótt fræðslu um efni því tengdu og heyrt reynslu annarra af þessu ferli. Til viðbótar voru mjög margir áhugaverðir fyrirlestrar tengdir hjúkrun og nýjungum á sviði stofnfrumumeðferðar.

Á ráðstefnunni voru fjölmörg veggspjöld til sýnis og undirritaðar voru þar á meðal með eitt slíkt. Þar voru við að kynna niðurstöður samantektar á einkennamati (ESAS) sjúklinga sem voru í eigin stofnfrumusöfnun á dagdeild 11B árið 2016. Þetta var í fyrst sinn sem undirritaðar voru með veggspjald á stórra erlendri ráðstefnu og þótti okkur það mjög lærdómsríkt og gaman að geta kynnt okkar störf á erlendri grundu.

Að lokum viljum við þakka fyrir veittan styrk

Brynja Hauksdóttir og Harpa Sóley Snorradóttir hjúkrunarfræðingar á dagdeild blóð- og krabbameinislækninga.

Námskeið/ráðstefnur á Íslandi 2018

16. febrúar	Málþing um hjúkrun sjúklinga með sýkingar https://www.hjukrun.is/um-fih/a-dofinni/stakur-vidburdur/2018/02/16/Malthing-um-hjukrun-sjuklinga-med-sykingar/
23. febrúar	Málþing um samþætta heilbrigðisþjónustu Fagdeildar um viðbótarmeðferð í hjúkrun https://www.hjukrun.is/um-fih/a-dofinni/stakur-vidburdur/2018/02/23/Malthing-um-samthaetta-heilbrigdisthjonustu/
Febrúar og mars	Að færa „slæmar“ fréttir Fjögur tjáskiptanámskeið hjá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins í samvinnu við Landspítala og EC4H (Effective Communication for Health í Skotlandi). Námskeiðið er ætlað hjúkrunarfræðingum og læknum. Fjöldi þátttakenda takmarkaður. Fjögur námskeið dagana, 27., 28. febrúar, 21. og 22. mars 2017. Heilsdagsnámskeið kl.8.30-16.00 Staðsetning Krabbameinsfélag Íslands, Skógarhlíð 8. Þáttökugjald er 8.000kr. https://www.krabb.is/radgjof-studningur/hvad-er-i-bodi/vidburdir/tja-skipta-nam-skeid-ad-faera-slaemar-frettir?evtid=609
29. febrúar	Vinnustofa: "The Work" Vinnustofa með aðferðinni „The Work“. Þriggja daga vinnustofa um aðferð sem nefnist „The Work“ og er þróuð af bandaríska rithöfundinum Byron Katie. Fjöldi þátttakenda takmarkaður. Tími: 29.jan. 30.jan. 31.jan. Kennt er 8 klst. á dag í 3 daga. Frá kl 9 -16 Staðsetning: Salur Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Suðurlandsbraut 22 Þáttökugjald er 27.500kr. Vefsíða: http://www.thework.com https://www.hjukrun.is/um-fih/a-dofinni/stakur-vidburdur/2018/01/29/Vinnustofa-The-Work/
7. maí 2018	Vika hjúkrunar

Ráðstefnur erlendis sem verða haldnar á árinu 2018

1.-2. mars	3rd EORTC Cancer Survivorship Summit, Brussels, Belgium
17.-19. mars	European Association of Urology Nurses (EAUN), 19th International Meeting, Copenhagen, Denmark
18.-21. mars	EBMT, 44th Annual Meeting of the European Society for Blood and Marrow Transplantation, Lisbon, Portugal
19.-21. mars	5th Immunotherapy of Cancer Conference 2018, Berlin, Germany
21.-23. mars	11th European Breast Cancer Conference, Barcelona, Spain
11.-14. apríl	ELCC 2018 European Lung Cancer Congress, Geneva, Switzerland
17.-20. maí	ONS 43rd Annual Congress, Washington DC, USA
1.-5. júní	ASCO18, Annual Meeting, Chicago IL, USA
20.-23. júní	20th World Congress on Gastrointestinal Cancer, Barcelona, Spain
25.-27. júní	24th World Nurse Practitioners & Healthcare Congress, Dubai
28.-30. júní	MASCC/ISOO 2018 Annual meeting, Vienna, Austria
16.-17. ágúst	29th International Conference on Pediatric Nursing & Healthcare, Madrid, Spain
7.-9. september	ECCO2018 European Cancer Summit, Vienna, Austria
10.-11. september	The European Survivorship and Rehabilitation Symposium (ECRS), Copenhagen
23.-26. september	ICCN 2018, International Conference on cancer Nursing, Auckland, New Zealand
19.-22. október	ESMO 2018 Congress, Munich, Germany
4.-8. desember	41st Annual San Antonio Breast Cancer Symposium, San Antonio, USA

Sjá nánari upplýsingar um ráðstefnur á heimasíðu EONS.
http://www.cancernurse.eu/communication/other_events.html

Áhugaverðar vefsíður

www.nccn.org og www.nccn.com

<http://www.isncc.org>

<http://www.ecco-org.eu/>

www.cancernurse.eu

<http://www.ons.org/>

Heimasíða fagdeildarinnar

<https://www.hjukrun.is/fagid/fagdeildir/krabbameinshjukrun/>

Á heimasíðunni er að finna upplýsingar um fagdeildina, stefnu hennar og starfsemi. Þar er einnig að finna upplýsingar og umsóknareyðublað styrktarsjóðs, fréttablað fagdeildarinnar, og glærur frá nýafstöðnu málþingi. Fagdeildin er einnig með hóp á Fésbókinni. Þar geta meðlimir skipst á fréttum og upplýsingum. Til að fá aðgang að hópnum þarf að senda beiðni þess efnis.

Félagsgjöldin

Félagsgjöld fagdeildarinnar eru áætluð á ársfundi ár hvert og hafa verið óbreytt undanfarin ár eða 2500 kr. Greiðsluseðill er sendur á kennitölu þeirra sem eru skráðir í fagdeildina og birtist greiðsluseðillinn í heimabönkum þeirra. Ekki eru sendir út greiðsluseðlar á pappír. Ef félagsgjaldið hefur ekki verið greitt í 2 ár þá fellur sá einstaklingur út af félagaskrá fagdeildarinnar. Félagsgjöldin eru nýtt í að styrkja málþing fagdeildarinnar, styrkja styrktarsjóð, greiða árgjöld í erlend fagfélög og styrkja innra starf fagdeildarinnar.

Aðalfundur 2018

Aðalfundur fagdeildarinnar verður haldinn í sal Ráðgjafafjónustu Krabbameinsfélagsins, Skógarhlíð 8, 1.hæð, **fimmtudaginn 8. febrúar kl. 20.00**. Fyrir utan hefðbundin aðalfundarstörf þá mun Kristín Lára Ólafsdóttir krabbameinshjúkrunarfræðingur segja frá nýjum klínískum leiðbeiningum um líknarmeðferð. Kosið verður í stjórn fagdeildarinnar á fundinum og auglýsum við hér með eftir framboðum. Áhugasamir geta haft samband við Kristínu Sigurðardóttur formann í síma 8201082 eða á ksigurda@landspitali.is eða Lindu Rós Pálsdóttur ritara á lindapal@landspitali.is.

Stjórn fagdeildarinnar þakkar öllum félagsmönnum fyrir ánægjulegt starfsár!